

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. apríl 2026

Mál nr. S-2693/2025:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Björgvin Halldór Björnsson lögmaður)

Dómur

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars 2026, var höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. maí 2025, á hendur X, kt. [...], [...],

„fyrir líkamsárás með því að hafa, laugardaginn 6. mars 2021, innandyra í kjallara að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], slegið hann tvisvar til þrisvar sinnum með krepptum hnefa í andlitið, með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði.
M: 007-2021-[-...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

A, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði refsað lögum samkvæmt og að honum verði jafnframt gert að greiða brotþola, A, kt. [...], kr. 1.500.000 í miskabætur, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 6. mars 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola kr. 2.000.000 í skaðabætur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Verði brotþola ekki skipaður réttargæslumaður gerir hann auk þess kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar

vegna lögmannaástoðar brotþola að skaðlausu að meðtöldum virðisaukaskatti, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.“

2. Málið var þingfest 5. júní 2025 og var af hálfu ákærða óskað eftir fresti til þess að fara yfir ákæru og gögn málsins. Málið var næst tekið fyrir 20. júní 2025 og neitaði ákærði sök samkvæmt ákæru og hafnaði bótakröfu. Var óskað eftir fresti til þess að skila greinargerð og málinu því frestað til 25. september 2025. Í þinghaldi síðast greindan dag var greinargerð ákærða lögð fram og málinu frestað til aðalmeðferðar til 29. janúar 2026. Áður en til aðalmeðferðar kom þann dag upplýsti sækjandi dóminn um að erfiðlega gengi að boða tvö vitni í málinu. Boðaði dómari til þinghalds 26. janúar 2026 þar sem sækjandi upplýsti um að ekki hefði náðst í þessi tvö vitni, sem virtust vera flutt af landi brott, og að ákæruvaldið gerði því ekki ráð fyrir að þau myndu mæta fyrir dóm og gefa skýrslu við aðalmeðferðina. Bókað var um þetta í þingbók og jafnframt um að verjandi teldi þetta vera lykilvitni í málinu sem þyrftu að koma fyrir dóm og gefa skýrslu. Þá upplýsti verjandi einnig um að hann hefði ítrekað reynt að ná í ákærða til að boða hann til aðalmeðferðar en það hefði ekki tekist. Var málinu frestað til aðalmeðferðar 29. janúar 2026 en henni var svo frestað utan réttar þar sem ekki tókst að hafa uppi á ákærða og umræddum vitnum í tæka tíð fyrir hana. Aðalmeðferð fór svo loks fram 24. mars 2026 og var málið dómtekið að henni lokinni.
3. Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og hið sama á við um bóta-krefjanda. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði aðallega frávísunar bótakröfu, til vara krefst hann sýknu af henni og til þrautavara er krafist verulegrar lækkunar bótakröfu. Í öllum tilvikum er krafist máls-varnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða í samræmi við tímaskýrslu.

II

Málsatvik

4. Samkvæmt frumskýrslu var lögregla send að bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi 6. mars 2021 vegna manns sem þar væri alvarlega slasaður eftir líkamsárás. Ræddi lögregla við brotþola og bróður hans, vitnið B, á bráðamóttökunni og kom fram hjá brotþola að árásin hefði átt sér stað í reykherbergi í kjallara hússins að [...] í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslunni greindi brotþoli frá því að þrír aðilar sem störfuðu með

brotapola hefðu ráðist á sig í reykhherberginu. Þá greindi bróðir brotapola, B, frá því að þessir aðilar hefðu einnig ráðist á sig og brotapola í aðalrými kjallarans.

5. Í frumskýrslunni er nánar tiltekið haft eftir brotapola að hann hafi verið kýldur í andlitið og segir í skýrslunni að hann hafi nafngreint tvo af þessum þremur aðilum og sagt þessa tvo vera bræður. Hafi verið erfitt að hafa nöfnin eftir þar sem þetta hafi ýmist verið fornöfn eða gælunöfn, en brotapolli hafi þó skrifað niður á blað nafn ákærða, X. Þá er í frumskýrslunni haft eftir bróður brotapola, B, að einhver orðaskipti hefðu átt sér stað í kjallaranum. Kemur fram að erfitt sé að átta sig á tímaröð í framburði B sökum tungumálaörðugleika, en fram kom að hann hefði sagst hafa tekið slökkvitæki sér til varnar og hefði orðið fyrir höggum af hendi sömu aðila og sagðir væru hafa ráðist á brotapola. Kemur fram að B hafi verið með áverka á nefi/andliti og myndir af þeim fylgdu frumskýrslunni.
6. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að óskað hafi verið eftir rannsakara á bráðamóttöku og lögregla hafi svo haldið á vettvang í [...], en meintir gerendur hafi verið farnir þaðan. Kemur fram að vinnuveitandi brotapola og meintra gerenda í málinu hafi haft samband við lögreglu og sagst vita hverjir væru aðilar málsins og kvaðst myndu senda þá á lögreglustöðina. Að svo búnu hafi lögregla farið aftur að [...] og tæknideild hafi komið á staðinn til þess að taka ljósmyndir og tryggja blóðsýni af vettvangi. Meintir árársaðilar hafi gefið sig fram á lögreglustöð og hafi þeir allir þrír verið handteknir og vistaðir í fangaklefa. Kemur einnig fram í frumskýrslunni að upptökur hafi náðst af hluta slagsmálanna og að vinnuveitandi aðilanna ætli að tryggja þær og koma þeim til lögreglu. Er tekið fram að upptökurnar sýni ekki inn í reykhherbergið en nokkrir aðilar sjáist fara inn og út úr herberginu.
7. Rannsakari tók skýrslu af brotapola á bráðamóttökunni 6. mars 2021. Var skýrslan hljóð- og myndrituð með búkmyndavél og er upptakan á meðal gagna málsins. Í samantekt um skýrslutökuna kemur fram að ekki hafi gefist tími til þess að taka nákvæma skýrslu af brotapola, hann hafi átt erfitt með tal þar sem hann væri tvíkjálkabrotinn og blætt hafi úr vitum hans. Þá tali brotapolli takmarkaða ensku, auk þess sem hann hafi verið á leiðinni í aðgerð. Í samantektinni kemur fram að brotapolli hafi greint frá því að hann hafi verið að reykja í kjallaranum um morguninn þegar ákærði, bróðir ákærða ([...]) og annar maður sem hann kvaðst ekki þekkja hafi komið þangað. Kvað hann ákærða og bróður hans, C, hafa ráðist á hann og slegið hann tvisvar til þrisvar á kjálkann og kom fram að hann taldi sig hafa misst meðvitund stutta stund. Einnig kemur fram í

samantektinni að bróðir brotaþola, B, hafi síðan komið og ætlað að fá skýringar á því hvers vegna ráðist hefði verið á brotaþola og hefðu þeir þá ráðist á B.

8. Tekin var skýrsla af ákærða með réttarstöðu sakbornings að kvöldi 6. mars 2021 eftir dvöl í fangageymslu. Kvaðst ákærði hafa hitt brotaþola í reykherberginu um morguninn og þeir hefðu farið að rífast. Brotaþoli hefði svo farið að öskra á ákærða og segja niðrandi orð um móður ákærða sem hann kvaðst ekki vilja endurtaka. Allt í einu hefði brotaþoli ráðist á ákærða og tekið hann hálstaki framan frá með annarri hendinni. Það hafi orðið til þess að ákærði hefði slegið brotaþola í andlitið tvisvar til þrisvar sinnum með krepptum hnefa hægri handar og kom fram að hann væri réttthentur. Aðspurður kvaðst ákærði hafa slegið brotaþola í andlitið, á munninn eða munnsvæðið, og kvaðst hafa slegið brotaþola í sjálfsvörn. Eftir þetta hefði brotaþoli farið í burtu, sótt bróður sinn, B, og komið til baka með slökkvitæki í annarri hendi og lítinn hníf í hinni. Hefði brotaþoli slegið ákærða í andlitið með slökkvitækinu. Ákærði kvaðst hafa brugðist við með því að slá brotaþola í andlitið með tveimur til þremur hnefahöggum, en taldi að um sjálfsvörn hefði verið að ræða. Eftir þetta hefðu C ([...]) og D komið og skilið þá að. Kvaðst ákærði eftir þetta hafa farið að veiða með C og D við höfnina í Reykjavík og svo fengið boð frá yfirmanni sínum um að gefa sig fram við lögreglu, sem þeir hefðu gert. Ákærða var kynnt að brotaþoli hefði tvíkjálkabrotnað og aðspurður um hver væri valdur að því svaraði ákærði að valið hefði staðið á milli hans og brotaþola, ef brotaþoli hefði ekki kjálkabrotnað hefði ákærði brotnað því hann hefði fengið mjög mörg högg í höfuðið með slökkvitæki og þurft að verja sig.
9. Einnig voru teknar skýrslur af C og D með réttarstöðu sakbornings sama kvöld, 6. mars 2021. Þeir greindu báðir frá því að þeir hefðu ekki tekið þátt í neinum slagsmálum heldur hefðu þeir einungis skilið þá ákærða og brotaþola að. Kvaðst C hafa séð bróður brotaþola koma hlaupandi með slökkvitæki og D kvaðst hafa séð einhvern mann sem hann þekkti ekki slá ákærða í höfuðið með slökkvitæki. Báðir kváðust þeir hafa farið ásamt ákærða að veiða niðri á höfn eftir þetta og svo fengið boð frá yfirmanninum um að gefa sig fram við lögreglu, sem þeir hefðu gert.
10. Tekin var formleg skýrsla af brotaþola hjá lögreglu 28. mars 2022, rúmu ári eftir atvikið. Greindi hann frá því að á umræddum tíma hefði hann búið í [...] ásamt öðrum aðilum sem voru að vinna hjá sama fyrirtæki. Kom fram að deginum fyrir atvikið hefði aðili, sem er vinur ákærða, óvart sent pin-númer í tölvupósti á alla starfsmenn fyrirtækisins og kvaðst brotaþoli hafa verið að grínast með þetta við ákærða sem hefði tekið því illa.

Daginn eftir, rétt fyrir meinta árás, kvaðst brotaþoli svo hafa fengið símtal þar sem hann hafi verið beðinn um að koma í sameiginlegt rými í húsnæðinu og þegar hann hafi komið þangað hafi verið þar ákærði, C og D. Brotaþoli kvað ákærða hafa verið reiðan vegna gríns brotaþola deginum áður og kvað hann C og D hafa verið að hvetja ákærða til að slá brotaþola. Ákærði hafi svo kýlt brotaþola með krepptum hnefa í andlitið og kvaðst brotaþoli hafa ýtt eða hrint ákærða þannig að hann datt á stól og svo hefði brotaþoli setið á ákærða til að halda honum á stólnum. Þá hefðu bróðir ákærða, C ([...]) og D komið og kýlt brotaþola bæði hægra og vinstra megin og hefðu þetta verið nokkur föst högg. Nánar aðspurður kvað hann bróður ákærða hafa kýlt hann hægra megin og D vinstra megin. Kvaðst brotaþoli ekki muna hvort hann hefði misst meðvitund en hann hefði á einhverjum tímamarki staðið upp og farið út og upp í sitt herbergi. Skömmu síðar kvað hann bróður sinn hafa komið og hefði brotaþoli þá sagt honum frá atvikinu. Við það hefði bróðir hans orðið mjög reiður, tekið slökkvitæki og farið niður að ræða við ákærða, C og D. Kvað hann þessa aðila svo hafa lamið bróður brotaþola.

11. Samkvæmt vottorði E bráðalæknis, dags. 31. mars 2022, sýndi tölvusneiðmynd af höfði brotaþola brot í kjálka vinstra megin, frá endajaxli og niður að kjálkahorni og einnig var brot í kjálka hægra megin við jaxl. Brotaþoli hafi lýst því að þrír menn sem búi á sama stað og hann hafi ráðist á sig og einn þeirra hafi veitt sér tvö eða þrjú hnefahögg á kjálkann. Í samantekt og áliti kemur fram að áverkinn sé alvarlegur og samrýmist vel lýsingu brotaþola á atburðum. Er tekið fram að talsvert högg þurfi til að brjóta kjálka með þessum hætti. Þá kemur fram í vottorðinu að brotaþoli hefði verið lagður inn á vegum háls-, nef- og eyrnalækna og farið í aðgerð hjá F þar sem kjálkinn hafi verið festur saman og hafi brotaþoli útskrifast heim 8. mars 2021. Þá er skráð að brotaþoli hafi komið til eftirlits hjá háls-, nef- og eyrnalæknum Landspítala 16. mars 2021 og sé því þá lýst að hann hafi lítið getað opnað munninn en ekki verið með mikla verki og gróandi talinn eðlilegur. Í lok vottorðsins kemur fram að ekki hafi farið fram endurmat eftir þetta á vegum LSH og því sé ekki hægt að segja til um núverandi ástand eða frekari þróun einkenna. Einnig liggur fyrir vottorð aðgerðarlæknisins F, munn- og kjálkaskurðlæknis, dags. 5. nóvember 2024. Í vottorðinu er lýst þeirri aðgerð sem brotaþoli gekkst undir, sem og stöðunni 16. mars 2021 þegar brotaþoli kom í endurmat og tekið fram að það sé „viðbúinn status“ eftir aðgerðina og að læknirinn hafi ekki séð sjúkling eftir þetta. Af hálfu brotaþola voru lögð fram gögn úr sjúkraskrá hans þar sem framangreint vottorð, dags. 5. nóvember 2024, kemur tvívegis fyrir. Í öðru þeirra skjala hefur verið bætt inn

eftirfarandi setningu í tengslum við umfjöllun um heimsóknina 16. mars 2021: „Sjúklingur er með varanlegan dofa í vör og höku í neðri kjálka vegna áverka á taug báðum megin sem brotið olli.“ Að öðru leyti eru vottorðin alveg samhljóða. Þá er ein færsluskrá, dags. 25. nóvember 2024, um að brotapolí hafi þann dag komið til F læknis vegna kjálkabrotsins sem læknirinn hafi sinnt þremur árum fyrr. Kemur þar fram að brotapolí sé með klínískt gott bit en lélegan tannstatus almennt. Þá kemur fram að hann sé með varanlegan dofa sem sé afleiðing alvarleika brotsins, sem hafi verið tvöfalt og mjög „displacerað“ og við það „slitnar taugin“.

12. Tæknideild lögreglu framkvæmdi rannsókn á vettvangi og ljósmyndaði hann. Voru blóðug ummerki til staðar á gólfi í almenningnum fyrir framan reykherbergið og einnig á sófa í reykherberginu og voru tekin sýni úr þeim, sem munu ekki hafa verið send til rannsóknar. Læknir á héraðsvakt, G heimilislæknir, framkvæmdi almenna líkamsskoðun með tilliti til áverkamerkja á ákærða, sem og C og D, sem einnig höfðu réttarstöðu sakbornings á þeim tímapunkti. Þá voru jafnframt teknar ljósmyndir af þeim þremur. Ákærði var með áverka á hægri kinnbeini, á baki við vinstra herðablað og öxl, en ekki er lýst neinum áverkum á höndum. Kemur fram í vottorði læknisins að ákærði beri þess merki að hafa lent í slagsmálum nýlega. Í vottorði um skoðun á bróður ákærða, C, kemur fram að hugsanlega sé hann með væg áverkamerki neðst á framhandleggjum, en engin ný áverkamerki fundust á D samkvæmt vottorði læknisins. Blóðsýni sem tekin voru úr brotapolá, ákærða og þeim C og D munu ekki hafa verið send til rannsóknar.

Upptaka úr öryggismyndavél

13. Á meðal gagna málsins er upptaka frá 6. mars 2021 úr öryggismyndavél í [...], en myndavélin er staðsett í kjallara hússins í almenningi/aðalrými fyrir framan umrætt reykherbergi þar sem meint árás fór fram. Á upptökunni kemur fram nákvæm tíma-setning upptökunnar, en ekki er neitt hljóð. Verður hér rakið það sem þýðingu er talið hafa fyrir úrlausn málsins.
14. Ákærði sést koma í mynd í aðalrýminu kl. 12:10 og ganga inn í reykherbergið. Kl. 12:12:38 gengur C hröðum skrefum inn í reykherbergið. Kl. 12:12:50–12:13:03 gengur dökkhærður karlmaður út úr reykherberginu og mætir D sem gengur inn í herbergið. Þá sjást tveir menn í aðalrýminu sem horfa inn í reykherbergið. Kl. 12:13:04 sést ákærði

ganga út úr reykherberginu og á eftir honum bróðir hans, C. Ákærði virðist kalla eitthvað inn í reykherbergið og C sést ýta honum í átt að aðalrýminu og svo kemur D út úr herberginu. Kl. 12:13:14 fara ákærði og C aftur inn í reykherbergið og D sést fylgjast með úr dyragættinni. Kl. 12:13:20 sjást ákærði, C og D fara út úr reykherberginu og virðist ákærði vera æstur og horfir á höndina á sér. Kl. 12:13:52 sést brotaþoli ganga út úr reykherberginu og ganga í burtu.

15. Kl. 12:16:28 sjást brotaþoli og bróðir hans, B, ganga inn í aðalrýmið. Heldur B á slökkvitæki, setur það frá sér, fer úr úlpunni og grípur svo slökkvitækið aftur og þeir sjást hlaupa út úr mynd. Kl. 12:16:40–12:17:12 má sjá eftirfarandi: Slökkvitækið sést renna meðfram gólfi í aðalrými og átök eiga sér stað, en óljóst milli hverra. Á einum tímapunkti sést D halda í fætur manns sem liggur í gólfínu og sparka þrisvar sinnum í manninn. Ekki sést vel á upptökunni hvaða maður þetta er fyrr en hann stendur upp, en þá sést að um bróður brotaþola, B, er að ræða. Þegar B er staðinn upp sést C, bróðir ákærða, ganga að honum. Í útjaðri upptökunnar sést einnig að átök eiga sér stað milli einhverra sem ekki sést vel hverjir eru, en svo sést brotaþoli koma hlaupandi þaðan í átt að bróður sínum og hlaupa þeir síðan úr mynd. Ákærði, C og D sjást svo ganga á eftir þeim.

III

Skýrslutökur fyrir dómi

16. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Kvaðst hann hafa verið inni í reykherberginu umrætt sinn þegar brotaþoli hafi ráðist á sig með því að setja aðra hönd sína á háls ákærða og verið „tilbúinn til að kýla mig með hinni hendinni“. Kvaðst ákærði einungis hafa verið að verja sig með því að slá brotaþola áður en brotaþoli næði að slá hann. Aðspurður kvaðst ákærði telja að hann hefði slegið brotaþola þrisvar sinnum með krepptum hnefa. Ákærði sagði að auk sín og brotaþola hefði verið einn annar maður inni í reykherberginu þegar þetta gerðist. Svo u.þ.b. 30 sekúndum seinna hefði bróðir brotaþola komið með slökkvitækið og slegið ákærða með því, en þá hefðu þeir verið komnir fyrir utan reykherbergið. Ákærði neitaði því aðspurður að bróðir sinn, C, hefði veist að brotaþola og kvað bróður sinn aðeins hafa komið í lokin þegar þetta var yfirstaðið. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið hræddur og kvaðst viss um að ef hann hefði ekki gert neitt hefði hann sjálfur verið laminn.

17. Sérstaklega aðspurður kvað ákærði hinn maðurinn sem var inni í reykherberginu með þeim brotþola ekkert hafa blandað sér í átökin. Spurður hvort hann gæti skýrt hvers vegna brotþoli hefði verið kjálkabrotinn eftir átökin svaraði ákærði að „líklega“ væri það „af því að ég sló hann“, en tók fram að hann hefði sjálfur einnig verið með áverka. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að hann hefði slegið brotþola tvisvar til þrisvar sinnum í reykherberginu og svo aftur fyrir utan herbergið tvisvar til þrisvar og spurður hvort þetta væri ekki réttur framburður. Kvaðst ákærði þá vilja halda sig við framburð sinn hjá lögreglu, þar sem langt væri frá atvikinu en atvikið hefði verið honum í ferskara minni þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Gæti því verið að hann hefði slegið brotþola fjórum til sex sinnum, en það væri erfitt að telja „þegar maður er að verja sig“.
18. *Brotþoli* kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Greindi hann frá því að umræddan morgun hefði einn samstarfsmanna hans sem bjó í húsinu komið og beðið hann um að koma niður í reykherbergi að spila. Þegar þeir hefðu verið þar að spila hefði ákærði komið inn í herbergið og byrjað að rífast við sig og svo hefði ákærði kýlt brotþola einu höggi á munninn, en ekki oftár. Brotþoli kvað þetta ekki hafa verið þungt högg og að það hefði „ekki [verið] nóg til að brjóta kjálkann“. Kvaðst brotþoli hafa gripið í ákærða, sett hann í stól og sest ofan á hann í stólnum svo ákærði myndi ekki gera meira. Þá hefði hann fundið fyrir mjög þungu höggi aftan frá vinstra megin og taldi að það hefði verið D sem hefði veitt sér það, því hann væri svo stór, en bróðir ákærða, C eða [...], hefði verið hægra megin og einnig veitt sér högg. Sérstaklega aðspurður kvað brotþoli að þessir tveir aðilar hefðu veitt honum nokkur þung högg á kjálkann hægra og vinstra megin, en högginn vinstra megin hefðu verið fastari. Aðspurður kvað brotþoli högginn frá D og C hafa valdið hinu tvöfalda kjálkabroti. Brotþoli kvað C og D hafa verið fyrir utan herbergið þegar ákærði sló hann þessu eina höggi á munninn, en þeir hefðu svo komið inn í herbergið „innan við sekúndu“ frá högginu, þegar brotþoli sat ofan á ákærða á stólnum, og slegið brotþola í höfuðið nokkur högg. Aðspurður kvað brotþoli það ekki rétt að hann hafi tekið ákærða hálstaki áður en ákærði sló hann. Kvað brotþoli fleiri hafa verið inni í reykherberginu en þeir aðilar hefðu ekkert blandað sér í þetta.
19. Brotþoli kvaðst eftir þetta hafa farið upp á baðherbergi að þrífa af sér blóð og þar hafi bróðir hans, B, séð hann og spurt hver hefði gert þetta. Hefði B viljað fara og ræða við mennina og kvaðst brotþoli hafa farið með honum niður, en sagt bróður sínum að passa sig, því mennirnir væru þrír. B hefði tekið með sér slökkvitæki til þess að verja sig með,

en honum hefði ekki gefist neitt ráðrúm til þess því mennirnir hefðu ráðist á B þegar niður var komið. Aðspurður kvað brotþoli að ekki hefði verið ráðist á sig þegar hann fór aftur niður með bróður sínum. Hann kvað ákærða hafa reynt „eitthvað smá“ en brotþoli hefði þá skýlt sér bak við mann sem þar var og var sami maður og upphaflega bað hann um að koma niður í reykherbergið að spila. Sérstaklega aðspurður sagði brotþoli að ákærði hefði ekki slegið sig neitt þegar átökin áttu sér stað fyrir utan reykherbergið í almenningnum, og að þar hefði aðeins verið ráðist á bróður sinn, B. Þá kvaðst ákærði ekki hafa verið með hníf á sér á neinum tímapunkti og kvaðst aldrei bera hníf. Spurður um hvort hann kynni einhverja skýringu á því hvers vegna ákærði segðist hafa slegið hann tvisvar til þrisvar sinnum inni í reykherberginu og svo tvisvar til þrisvar í almenningnum þegar brotþoli kom þangað með bróður sínum kvaðst brotþoli telja að ákærði segði þetta til að verja bróður sinn, C.

20. Brotþoli kvaðst hafa farið á spítala samdægurs og svo í aðgerð við kjálkabrotinu daginn eftir. Kvaðst brotþoli alltaf vera með verki og kjálkinn væri alltaf dofinn. Hefði læknir greint honum frá því að þetta yrði áfram svona því taugin hefði orðið fyrir skaða.
21. *Vitnið B, bróðir brotþola*, gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað. Greindi hann frá því að umræddan dag hefði maður komið og beðið bróður sinn um að koma niður að spila. Kvaðst vitnið hafa farið með þeim en farið aftur upp eftir stutta stund og brotþoli hefði orðið eftir niðri. Eftir smátíma hafi vitnið heyrt læti og ákveðið að kíkja niður en þá hafi bróðir hans verið farinn upp. Einhver hafi sagt vitninu að ráðist hefði verið á bróður hans og vitnið hafi því farið að tékka á brotþola, fundið hann á baðherberginu og séð að hann var blóðugur í andliti. Vitnið kvað brotþola hafa sagt sér að allir þrír hefðu ráðist á brotþola í reykherberginu, þ.e. ákærði, Cog „stóri strákurinn“. Þeir brotþoli hefðu svo farið niður saman og kvaðst vitnið hafa tekið með sér slökkvitæki til að verja sig. Þegar þeir hafi komið niður hafi vitnið staðið bara með slökkvitækið en svo hafi „stóri strákurinn“ tekið tækið af honum og hann og C hafi „sett mig niður“ og byrjað að sparka í bakið á vitninu og víðar. Eftir þetta hefðu þeir bræður farið upp og einhver hefði svo skutlað þeim upp á spítala.
22. *Lögreglu maður H* kom fyrir dóm og staðfesti frumskýrsluna en kvaðst ekki muna eftir málinu og því ekki geta tjáð sig um það frekar.
23. *E, læknir á bráðamóttöku*, gaf símaskýrslu og staðfesti að hafa skrifað læknisvottorð, dags. 31. mars 2022. Kvaðst læknirinn hafa skoðað brotþola á bráðamóttöku og séð að hann hafi augljóslega verið með skakkan kjálka og opin sár í munni. Þá hafi

tölvusneiðmynd staðfest brot í kjálka bæði vinstra og hægra megin. Kvað lækurinn þetta vera alvarlega áverka og að það þurfi kröftugt hnefahögg til að brjóta kjálka með þessum hætti. Sérstaklega aðspurður kvað hann jafnvel eitt hnefahögg geta valdið svona áverka.

24. Til stóð að leiða vitnin C, bróður ákærða, og F, munn- og kjálkaskurðlækni, sem gerði aðgerð á brotaþola, en þessi vitni komu ekki fyrir dóm. Voru aðilar sammála um að ljúka aðalmeðferð málsins þrátt fyrir þetta. Ekki var gert ráð fyrir að vitni D yrði leiddur fyrir dóm, hvorki af hálfu ákærvaldsins né af hálfu ákærða.

IV

Niðurstaða

25. Ákærða er gefin að sök líkamsárás með því að hafa á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru veist með ofbeldi að brotaþola, slegið hann tvisvar til þrisvar sinnum með krepptum hnefa í andlitið, með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði. Er háttsemin í ákæru talin varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
26. Ákærði neitar sök samkvæmt ákæru. Kemur þá til úrlausnar hvort ákærvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008. Við sönnunarmatið þarf að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. sömu laga, en samkvæmt henni metur dómari hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargjörðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Dómari metur enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem skal sanna en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna.
27. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Samkvæmt ákvæðinu skal í því sambandi m.a. huga að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Samkvæmt 126. gr. sömu laga metur dómari enn fremur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og skal í því sambandi m.a. huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotaþola og hagsmunum þess af málsúrslitum og fleiri atriðum sem talin eru upp í ákvæðinu. Ber þannig við úrlausn málsins að leggja mat á innra samræmi framburða ákærða og vitna, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn, auk þess sem leggja þarf mat á ytra samræmi framburðar

í ljósi annarra sönnunargagna. Þá skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

28. Eins og að framan greinir hefur ákærði neitað þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Fyrir dóminum játaði hann þó að hafa veitt ákærða tvö til þrjú högg í andlitið inni í reykherberginu og ber fyrir sig neyðarvörn í því sambandi. Kveður ákærði að brotþoli hafi tekið sig hálstaki með annarri hendi og gert sig líklegan til að kýla hann með hinni hendinni og því hafi hann slegið brotþola þessum tveimur til þremur höggum til að koma í veg fyrir yfirvofandi árás brotþola. Þá sagði ákærði jafnframt aðspurður að „líklega“ hefði brotþoli kjálkabrotnað við högg ákærða og að C, bróðir sinn, hefði ekki komið fyrr en í lokin þegar þetta hafi í raun verið búíð og að C hefði ekkert veist að brotþola. Þegar borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að ákærði hefði einnig slegið brotþola tvisvar til þrisvar sinnum seinna og þá í rýminu fyrir utan reykherbergið var svar hans á þá leið að hafi hann sagt það hjá lögreglu sé það rétt, en langt væri um liðið frá atvikum.
29. Brotþoli bar á hinn bóginn fyrir dóminum að ákærði hefði einungis slegið sig einu fremur lausu höggi á munninn og að það högg hafi ekki verið nógu fast til að geta valdið kjálkabrotinu. Kveður brotþoli að bróðir ákærða, C, og maður að nafni D hafi slegið sig nokkrum þungum höggum á kjálkann hægra og vinstra megin og að þessi högg hafi valdið kjálkabrotinu. Þá neitaði brotþoli því staðfastlega fyrir dómi að ákærði hefði veitt honum einhver högg seinna í rýminu fyrir framan reykherbergið.
30. Í verknaðarlýsingu ákærunnar er staðsetning brotsins sögð hafa verið innandyra í kjallara að [...] í Reykjavík, en ekki er þar tilgreint hvar í kjallaranum atvikið átti sér stað. Að virtum gögnum málsins og í ljósi framburða ákærða, brotþola og annarra vitna hjá lögreglu og fyrir dómi er ljóst að í raun var um tvær líkamsárásir að ræða. Annars vegar er meint líkamsárás inni í reykherberginu og hins vegar áttu sér stað átök milli fleiri manna í almenningnum fyrir utan reykherbergið nokkrum mínútum síðar, eins og sést að hluta á upptöku úr öryggismyndavél sem greint er frá að framan. Að mati dómsins er þetta annmarki á verknaðarlýsingu ákærunnar og hefði verið skýrara að tilgreina að ákæran varðaði meinta líkamsárás sem átti sér stað inni í reykherberginu í kjallara hússins. Í málflutningi ákæruvaldsins kom hins vegar fram að verknaðarlýsing ákærunnar ætti við um meinta líkamsárás í umræddu reykherbergi og samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom þetta strax fram hjá brotþola í viðtali við hann á bráðamóttöku. Verður þetta því lagt til grundvallar við úrlausn málsins og ekki frekar fjallað

um síðari átökin. Var þetta reifað í málflutningi og verður ekki talið að vörn ákærða hafi verið áfátt vegna þessa óskýrleika ákærunnar.

31. Ákærði og brotþoli eru einir til frásagnar um hina meintu líkamsárás í reykherberginu, þótt fyrir liggja að fleiri hafi verið inni í herberginu á sama tíma. Af upptökunni úr öryggismyndavélinni er ljóst að C og D gengu báðir inn í herbergið á meðan ákærði og brotþoli voru þar inni og dvöldu þar í u.þ.b. eina mínútu áður en þeir ákærði, C og D fóru út úr herberginu og brotþoli yfirgaf svo herbergið skömmu síðar. Þá sést einnig á upptökunni að aðrir menn gengu út úr herberginu og einhverjir voru fyrir utan það og horfðu inn í herbergið á meðan brotþoli, ákærði, C og D voru þar inni. Teknar voru skýrslur samdægurs af C og D hjá lögreglu með réttarstöðu sakbornings, þar sem þeir báru af sér allar sakir, en hvorugur þeirra gaf skýrslu fyrir dómi og raunar var ekki gerður neinn reki að því að fá D fyrir dóminn. Þá virðist lögregla ekki hafa reynt að hafa uppi á öðrum vitnum sem samkvæmt upptökunni voru á vettvangi umrætt sinn. Verður ákærvaldið að bera hallann af þessu. Enn fremur er ljóst að bróðir brotþola, B, varð ekki vitni að því sem gerðist inni í reykherberginu, sem ákæran lýtur að samkvæmt framangreindu.
32. Eins og að framan greinir ber ákærða og brotþola ekki saman um það sem gerðist inni í reykherberginu. Er þar um orð gegn orði að ræða, þótt vissulega sé fremur óvanalegt að ákærður maður játi á sig fleiri högg en brotþoli ber um að sá hafi veitt sér. Ræðst úrlausn málsins samkvæmt þessu einkum af mati á sönnunargildi framburða þeirra.
33. Brotþoli gaf tvær skýrslur hjá lögreglu, annars vegar samdægurs á bráðamóttökunni þegar hann var á leið í aðgerð og hins vegar rúmu ári síðar, þegar tekin var af honum formleg skýrsla. Þá var í frumskýrslu lögreglu haft eftir brotþola að þrír menn sem störfuðu með honum hefðu ráðist á sig í reykherberginu í kjallaranum. Í skýrslutökunni á bráðamóttökunni vissi brotþoli ekki nafn þriðja mannsins, D, sem hann sagði að hefði verið þarna, en greindi frá því að ákærði og bróðir hans hefðu ráðist á brotþola og slegið hann tvisvar til þrisvar á kjálkann. Í skýrslunni sem tekin var af honum á lögreglustöðinni 28. mars 2022 greindi hann frá með sama hætti og fyrir dómnum, þ.e. að ákærði hefði veitt honum eitt högg og svo hefðu hinir tveir kýlt hann bæði vinstra og hægri megin, hvor frá sinni hlið. Þegar sönnunargildi framburðar brotþola er metið ber að mati dómsins að taka mið af því að fyrsta skýrslan af brotþola er tekin á spítalanum þar sem hann átti mjög erfitt með tal vegna þeirra áverka sem hann hafði hlotið, auk þess sem skýrslan fór fram án túlks og á ensku, sem ekki er móðurmál hans. Þá er síðari

framburður hans hjá lögreglu sem og fyrir dómi í raun í samræmi við það sem haft var eftir honum í frumskýrslunni, svo langt sem það nær. Að þessu virtu þykir vera samræmi um allt sem máli skiptir í skýrslum brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Hefur ekki verið sýnt fram á að brotaþoli hafi nokkra hagsmuni af því að gera minna úr þætti ákærða í meintu broti en efni standa til eða að skýra ranglega frá því hver eða hverjir veittu honum þá áverka sem hann hlaut umrætt sinn. Er framburður brotaþola staðfastur og trúverðugur að mati dómsins og ekkert sem rýrir trúverðugleika hans.

34. Framburður ákærða í skýrslum hans hjá lögreglu og fyrir dómi hefur að sama skapi verið að mestu leyti nokkuð staðfastur. Hjá lögreglu greindi hann frá því að hafa slegið brotaþola með krepptum hnefa í andlitið, á munninn eða munnsvæðið, um tvisvar til þrisvar sinnum og kvaðst hafa verið að verja sig gegn árás brotaþola, sem er í samræmi við framburð hans fyrir dómi. Í framburði hans fyrir dóminum komu þó fram ákveðin atriði sem ekki passa við það sem sést á upptökunni úr öryggismyndavélinni. Þannig sagði ákærði fyrir dómi að um 30 sekúndum eftir að hann hefði kýlt brotaþola til að verja sig fyrir árás hans hefði bróðir brotaþola komið með slökkvitækið og slegið ákærða með því og þeir þá verið fyrir utan reykherbergið. Þetta fær augljóslega ekki staðist ef upptakan er skoðuð, því það liðu nokkrar mínútur frá því brotaþoli fór upp og þar til bróðir hans kom niður með slökkvitækið. Þótt vissulega séu liðin fimm ár frá atvikinu, sem kann að skýra þetta misræmi að einhverju leyti, þykir þetta draga nokkuð úr trúverðugleika framburðar hans. Þessi framburður ákærða er enn fremur í ósamræmi við framburð hans hjá lögreglu þar sem hann kvað brotaþola hafa slegið sig í andlitið með slökkvitækinu. Þá mundi ákærði ekki eftir því að hafa borið um það hjá lögreglu að hafa slegið brotaþola aftur fyrir utan reykherbergið en vísaði bara í framburð sinn hjá lögreglu um það. Enn fremur er framburður ákærða um að bróðir hans, C, hafi ekki komið fyrr en alveg í lokin þegar allt hafi í raun verið búið ekki í samræmi við það sem sést á upptökunni úr öryggismyndavélinni, sbr. það sem rakið er um það að framan í efnisgreinum 13–15. Samkvæmt upptökunni átti meint líkamsárás sér stað skömmu eftir hádegi og málið var tilkynnt til lögreglu kl. 14:15 af starfsfólki bráðamóttökunnar. Ákærði, C og D voru handteknir kl. 16:31, eftir að þeir gáfu sig fram hjá lögreglu að beiðni vinnuveitanda þeirra, og báru allir þrír um það í skýrslutöku að þeir hefðu farið saman að veiða niðri á höfn. Er samkvæmt þessu ljóst að þeir höfðu nægan tíma til þess að bera saman framburði sína áður en þeir gáfu skýrslu hjá lögreglu, þótt engu verði slegið föstu um það. Allt framangreint þykir draga nokkuð úr sönnunargildi framburðar ákærða.

35. Að öllu framangreindu virtu, og þar sem ekki nýtur vitnisburðar annarra um atvik um-rætt sinn, er það mat dómsins að leggja beri trúverðugan og staðfastan framburð brota-þola til grundvallar við úrlausn málsins. Í ljósi meginreglunnar um að allan vafa beri að skýra ákærða í hag eru að mati dómsins ekki efni til þess, þrátt fyrir framburð ákærða, að sakfella hann fyrir fleiri högg en brotaþoli hefur borið um að hann hafi veitt sér. Þykir samkvæmt þessu sannað að ákærði hafi slegið brotaþola einu höggi með krepptum hnefa á munninn. Kemur þá til skoðunar hvort þetta eina högg hafi haft þær afleiðingar sem ákært er fyrir og hvort brotið sé réttilega heimfært undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.
36. Á meðal gagna málsins eru læknisvottorð um líkamsrannsókn á ákærða, bróður hans, C, og D, sem fram fór eftir handtöku þeirra á lögreglustöð að kvöldi 6. mars 2021. Í vottorði ákærða kemur fram að hann var við skoðunina 165 cm á hæð og 62 kg að þyngd. Bróðir hans, C, var við skoðunina 168 cm og 77 kg og D var 182 cm og 103 kg. Er samkvæmt þessu ljóst að ákærði var mun minni að burðum en hinir tveir. Enn fremur þykir þetta styðja við framburð brotaþola um að D, sem sé „svona stór maður“, hafi veitt honum þyngstu högginn vinstra megin á kjálkann. Þá tók tæknideild lögreglu ljósmyndir af ákærða, C og D, m.a. af höndum þeirra, og var þar enga áverka að sjá á neinum þeirra, þótt ákærði hafi verið með áverka á kinn og á baki, sem kunna að skýrast af átökunum sem áttu sér stað seinna fyrir utan reykherbergið. Verða því engar ályktanir dregnar af myndunum, eða vottorðunum, um að ákærði einn hafi veitt brotaþola högg, eins og hann heldur fram.
37. Að framangreindu virtu, og þrátt fyrir framburð E læknis um að eitt kröftugt högg með krepptum hnefa geti dugað til að valda slíku tvöföldu kjálkabroti, er það mat dómsins að ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa að högg ákærða hafi haft í för með sér þær afleiðingar sem ákært er fyrir. Er þar fyrst og fremst litið til staðfasts framburðar brotaþola um að ákærði hafi aðeins slegið sig einu höggi í andlitið sem ekki hafi verið nógu fast til að brjóta kjálkann að hans mati, og enn fremur að hinir tveir hafi slegið hann sitt hvorum megin á kjálkann með þungum höggum einmitt þar sem brot komu á kjálkann.
38. Ákærði hefur samkvæmt framangreindu verið sakfelldur fyrir að slá ákærða einu höggi í andlitið með krepptum hnefa, en ekki þykir sannað að það högg hafi haft þær afleiðingar sem ákært er fyrir. Ber samkvæmt þessu að heimfæra brotið undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn því ákvæði varðar sektum eða fangelsi allt að sex

mánuðum, en fangelsi allt að einu ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Þegar ákæran var gefin út á hendur ákærða, 6. maí 2025, voru liðin meira en fjögur ár frá því atvik áttu sér stað. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fynnist sök á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Er af þessu ljóst að brot það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir var fyrnt er mál þetta var höfðað og verður honum því ekki refsað fyrir háttsemina, sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Verður samkvæmt þessu ekki hjá því komist að sýkna ákærða vegna fyrningar og kemur þá ekki til frekari skoðunar málaltilbúnaður ákærða um neyðarvarnarsjónarmið.

39. Að virtum þessum málsúrslitum verður einkaréttarkröfu vísað frá dómi af sjálfsdáðum, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.
40. Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 greiðast úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, sem þykja, með hliðsjón af tímaskýrslu og viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026, hæfilega ákveðin 1.970.225 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 42.781 króna í annan sakarkostnað samkvæmt heildaryfirliti um sakarkostnað.
41. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari og af hálfu einkaréttarkröfuhafa flutti málið Helgi Þorsteinsson Silva lögmaður.
42. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Einkaréttarkröfu brotþola er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 1.970.225 krónur, og 42.781 króna í annan sakarkostnað.

Guðrún Sesselja Arnardóttir